

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Borgarbyggð.

Frístundabyggð í landi Bjarnastaða, svæði 4. Breyting á deiliskipulagi.

Skipulagsfulltrúi, sem fer með fullnaðarafgreiðsluvald sveitarstjórnar skv. samþykkt um stjórn Borgarbyggðar, samþykkti óverulega breytingu á deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Bjarnastaða, svæði 4, á fundi sínum þann 7. mars 2024. Breytingin tekur til lóðarinnar Runnabyggð 3 þar sem byggingarreitur er færður til að rúma núverandi hús og viðbyggingu innan hans og byggingarmagn aukið í 150 m². Mænisstefna getur verið á tvo vegu og gestahús getur staðið stakstætt á lóð. Aðrir skilmálar gildandi deiliskipulags haldast óbreyttir.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 kveða á um og öðlast þegar gildi.

Borgarbyggð, 11. mars 2024.

F.h. skipulagsfulltrúa,

Ásgerður H. Hafsteinsdóttir verkefnastjóri skipulagsmála.

B-deild – Útgáfudagur: 25. mars 2024